



Lúxemborg, 21. febrúar 2008

## FRÉTTATILKYNNING 02/2008

### Dómur í máli E-5/07

#### **Leikskólar norskra sveitarfélaga ekki fyrirtæki í skilningi EES-reglna um ríkisaðstoð**

Leikskólar í Noregi eru jöfnum höndum reknir af sveitarfélögum og einkaaðilum. Um það bil 80% af kostnaði við rekstur leikskólanna, bæði þeirra sem eru reknir af sveitarfélögum og einkaaðilum, er borinn af hinu opinbera. Fyrir hvert barn á leikskóla greiða foreldrar fast gjald sem ekki tekur mið af raunkostnaði við þjónustuna. Gjaldið er til dæmis ekki hærra fyrir börn sem þurfa sérstakrar umönnunar við, og foreldrar með fleiri en eitt barn á leikskóla fá afslátt af skólagjöldum.

Í febrúar árið 2005 lögðu samtök einkarekinna leikskóla í Noregi (Private Barnehagers Landsforbund) fram formlega kvörtun við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þar sem því var haldið fram að fjármögnun leikskóla sveitarfélaga í Noregi fæli í sér ríkisaðstoð sem mismunaði einkareknum leikskólum. ESA komst hins vegar að þeirri niðurstöðu um kvörtunina, að lokinni bráðabirgðarannsókn, að kerfið sem fjármagnar leikskóla sveitarfélaga í Noregi fæli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag í máli Private Barnehagers Landsforbund gegn ESA, hafnaði EFTA-dómstóllinn þeirri kröfu stefnanda að framangreind ákvörðun ESA í kvörtunarmálinu yrði felld úr gildi. Í úrlausn dómsins kemur meðal annars fram að leikskólar sveitarfélaga í Noregi teljist ekki fyrirtæki í skilningi EES-reglna um ríkisaðstoð. Sú niðurstaða byggir á því, að með leikskólakerfi eins og því sem um ræðir í málinu, þar sem hvert barn sem inngöngu fær hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir hið opinbera, sé ríkið ekki að stunda tekjuskapandi atvinnustarfsemi. Miklu fremur sé ríkið að sinna skyldum sínum við íbúa landsins á sviði menntunar, félags-, og menningarmála, og því hafi ESA ekki haft ástæðu til að vera í vafa um að leikskólar sveitarfélaga í Noregi teldust ekki fyrirtæki í skilningi EES-reglna um ríkisaðstoð. ESA hafi því ekki brotið gegn skyldum sínum samkvæmt EES-rétti með því að ljúka kvörtun Private Barnehagers Landsforbund með bráðabirgðarannsókn.

Dóminn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.